

Fundar aðalstjórnar 10. febrúar 2015

Mættir: Kolbrún, Eduardo, Margrét Sig, Örn, Vania

Dagskrá

1. Styrkur til UMFA, klára umsókn
2. Norðurlandamót, kostnaður, viðurkenningar og fleira
3. Daedo pöntun
4. Ólympíustyrkur Meisams, afreksstyrkir, tímasetningar á sameiginlegum fundi, annað.
5. Formannafundur, málefni
6. Mótanefnd, næsta bikarmót
7. Landsliðsþjálfari í sparring.
8. Önnur mál

Mál 1: Styrkur til UMFA, klára umsókn

Rætt um styrkinn sem taekwondodeild Aftureldingar óskaði eftir við stofnun útibús á Kjalarnesi. Samþykkt að veita þeim 65.000 kr. afslátt af næstu daedo pöntun.

Mál 2: Norðurlandamót, kostnaður, viðurkenningar og fleira

Norðurlandamótið tókst vel en það má gera betur. Við hömpuðum 6 Norðurlandameistaratitlum, 1 í poomse og 5 í sparring. Við vorum með tvo coach í sparring en við hefðum átt að hafa fleiri coacha því það voru 4 sparringgólf og 2 poomsególf. Við þurfum að hafa head of team fyrir bæði landsliðin til að gera þetta vel. Ákveðið var að endurskoða viðurkenningar til þeirra einstaklinga sem unnu til verðlauna ef það voru keppendur á eftir þeim í sæti.

Mál 3: Daedo pöntun

Daedo pöntunin er tilbúin en það er verið að endurskoða reikninginn til að fá meiri afslátt.

Ákveðið að TKÍ hætti að skaffa raftásur á Íslandsmeistaramótum en við munum nota svörtu raftásurnar á bikarmótum þar til þær eru orðnar ónýtar. Keppendur þurfa að eignast sínar eigin raftásur og eru raftásur í næstu daedo pöntun sem fólk getur keypt.

Mál 4: Ólympíustyrkur Meisams, afreksstyrkir, tímasetningar á sameiginlegum fundi, annað.

Rætt um fund hjá ÍSÍ sem haldin var 4. febrúar vegna ólympíuleikanna í Ríó og Evrópuleikanna í Baku en TKÍ hefði þurft að hafa fulltrúa á þessum fundi. Rætt um að Meisam þarf að fylla út afreksskýrsluna sína sem skila þarf til ÍSÍ ársfjórðungslega. Stjórn TKÍ og Meisam þurfa að hittast á

fundi með afreksnefnd ÍSÍ. Ákveðið að leggja inn á Meisam fyrir kostnaði vegna móta, gjaldkeri fer í málið. Ákveðið að fá fund með afreksnefnd ÍSÍ þriðjudaginn 24. febrúar, stjórnarmeðlimir og Meisam mæta á þennan fund.

Mál 5: Formannafundur, málefni

Formannafundur verður haldin 17. febrúar n.k. Á fundinum þarf að:

- samþykka afreksstefnu taekwondo sambandsins
- samþykka reglur varðandi Íslandsmeistaramót
- ræða fyrirkomulag svartbeltisprófa sem TKÍ eða deildir halda, beltakröfur, reglur kukkiwon.
- greiðslur til félaga vegna móta, tillaga um að borga fyrir dómara á Íslandsmeistaramótum, 5000 kr. fyrir daginn en sjálfboðavinna á bikarmótum. Borga þeim sér um daedokerfið.
- mótanefnd sér um skráningu, panta verðlaunapeninga, draga pómse, daedokerfið, félagið sem heldur mótið sér um hús, dýnur, borð, grunnstarfsfólk, sjoppuna og fær 50.000 kr. fyrir daginn
- fara yfir skráningar á mótum
- setja upp nefndir t.d. mótanefnd, svartbeltisnefnd, landsliðsnefnd, fréttanefnd.
- RIG

Mál 6: Mótanefnd, næsta bikarmót

Aðeins þrír gáfu kost á sér í nýja mótanefnd en gamla mótanefndin er að undirbúa mótið með aðstoð stjórnar TKÍ.

Mál 7: Landsliðþjálfari í sparring

Chago kemur í heimsókn á fimmtudag og verður með æfingar fimmtudag, föstudag og laugardag. Stjórn TKÍ er að hugleiða ráðningu Chago og gera honum tilboð. Á fimmtudag og föstudag eru æfingar frá kl. 18.30 - 21.30 og á laugardag kl. 10 - 13. Þetta á að vera skyldumæting fyrir landlið og U&E sem hefur æft með Meisam mega koma á æfinguna. Landsliðsiðkendur sem hafa æft áður með landsliði en hafa undanfarið ár verið frá vegna meiðsla eða búið erlendis eru einnig velkomnir á þessa æfingu.

Mál 8: Önnur mál

Setja skýrar reglur með svartbeltispróf, beltakröfur, gráðuréttindi og slíkt. Eduardo ætlar að samræma Kukkiwon beltakröfur við okkar beltakröfur í svartbeltisprófum.

Búið er að borga árgjaldið hjá ETU fyrir árið 2015. Kanna þarf árgjald WTF því rúkkun hefur ekki borist.

Fundi slitið kl. 21.40

Chago fyrrverandi landsliðsþjálfari Svíþjóðar í sparring kemur til landsins til að sjá um landsliðsæfingar fyrir sparringlandsliðið. Skyldumæting hjá landsliðinu. Æfingarnar verða fimmtudags- og föstudagskvöld kl. 18.30 - 21.30 og laugardag kl. 10 - 13 í Aftureldingu. Chago mun einnig fylgjast með bikarmótinu á sunnudaginn.